

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 26. maí 2016 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-7/2016:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 22. janúar sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hann telur vera á farsíma, sem hann keypti af Y, hér eftir einnig nefnt seljandi. Álitsbeiðandi krefst þess að seljandi endurgreiði sér kaupverð símans.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 3. febrúar sl., gaf kæruneftndin seljanda kost á andsvörum og frest til þess að skila þeim til 17. Engin frekari gögn bærust nefndinni. Með bréfi, dags. 23. maí, var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni og gögnum sem henni fylgja kemur fram að faðir álitsbeiðanda keypti farsíma af gerðinni iPhone 5s af seljanda hinn 13. desember 2013 fyrir kr. 109.990. Sá sími reyndist ekki nægjanlega vel og af gögnum máls verður ráðið að seljandi hafi skipt símanum út fyrir nýjan í október 2014. Hinn nýi sími bilaði svo einnig og samkvæmt viðgerðarskýrslu seljanda, dags. 6. janúar 2016, virkaði skjár símans ekki sem skyldi. Í skýrslunni segir m.a.: „Lína hægramegin á skjá, snertiskjár virkar ekki og skjár lyftist aðeins upp efst á tæki. [Álitsbeiðandi] vill ekki viðgerð.“ Segir álitsbeiðandi að seljandi segi símann dottinn úr ábyrgð, þar sem meira en 2 ár séu liðin síðan upphaflega símtæki var keypt. Álitsbeiðandi telur hins vegar að ábyrgð seljanda eigi að miða við tímamarkið þegar upphaflega símtækinu var skipt út í október 2014. Sem fyrr segir krefst álitsbeiðandi endurgreiðslu á símanum.

IV

Niðurstaða kæruneftndarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup.

Seljandi hefur ekki sent kæruneftndinni andsvör og verður að því er atvik málsins varðar að byggja á því sem kemur fram í þeim gögnum sem álitsbeiðandi hefur sent nefndinni.

Eins og að framan er rakið keypti faðir álitsbeiðanda farsíma af gerðinni iPhone 5s af seljanda hinn 13. desember 2013 fyrir kr. 109.990. Sá sími mun nú vera í eigu álitsbeiðanda. Síminn virkaði ekki sem skyldi og afhenti seljandi álitsbeiðanda nýjan samskonar síma, að því er virðist, í október 2014. Sá sími bilaði einnig og fékk seljandi tækið til skoðunar hinn 6. janúar 2016. Í viðgerðarskýrslu seljanda segir m.a.: „Lína hægramegin á skjá, snertiskjár virkar ekki og skjár lyftist aðeins upp efst á tæki. [Álitsbeiðandi] vill ekki viðgerð.“ Ekkert

kemur fram um ástæður þess að síminn bilaði, en lýsing í skýrslu bendir þó fremur til þess að síminn hafi orðið fyrir hnjaski í meðförum álitsbeiðanda.

Um galla er fjallað í 15. og 16. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup. Í a-lið 1. mgr. 16. gr. segir að söluhlutur teljist gallaður ef „hann sé ekki í samræmi við þær kröfur sem fram koma í 15. gr.“ Í b-lið 2. mgr. 15. gr. segir að söluhlutur skuli „hafa þá eiginleika til að bera sem neytandinn mátti vænta við kaup á slíkum söluhlut að því er varðar endingu og annað.“ Söluhlutur telst þó ekki gallaður nema gallinn sé „hvorki sök neytanda né stafar af aðstæðum sem hann varða“ eins og segir í 1. mgr. 26. gr. laganna.

Ekki er um það deilt að sími sá er álitsbeiðandi fékk afhentan frá seljanda í október 2014 er bilaður. Hlutlægt séð er síminn því haldinn galla í skilningi 16. gr. laganna, sbr. 15. gr. sömu laga. Í 2. mgr. 18. gr. laganna er að finna reglu um sönnun á galla. Þar segir m.a.: „Ef annað sannast ekki skal galli, sem upp kemur innan sex mánaða frá því tímamarki þegar áhættan af söluhlut fluttist yfir til neytanda, talinn hafa verið til staðar á því tímamarki þegar áhættan af söluhlut fluttist yfir til neytanda.“ Samkvæmt framangreindu lagaákvæði hvílir sönnunarbyrðin fyrir því að síminn sé ekki haldinn galla á seljanda fyrstu 6 mánuðina eftir að kaup fara fram. Að þeim tíma liðnum færast sönnunarbyrðin yfir á neytanda, í þessu tilviki álitsbeiðanda. Umrædd bilun kom fram um 14 mánuðum eftir nýja afhendingu og réttum 2 árum eftir upphafleg kaup. Að mati kæruneftdarinnar hefur ekki verið annað í ljós leitt, en að sá galli, eða bilun sem hér um ræðir, verði rakin til höggskemmda á símanum, á meðan síminn var í umráðum álitsbeiðanda.

Verður því ekki annað séð en að umræddur galli sé sök álitsbeiðanda eða stafi af aðstæðum sem hann varða í skilningi áðurnefndrar 1. mgr. 26. gr. laganna. Þegar af þeim sökum verður að hafna kröfum álitsbeiðanda. Kæruneftdin telur rétt að taka fram, þrátt fyrir að það hafi engin áhrif á niðurstöðu málsins, að nýr frestur til að bera fyrir sig galla byrjar að líða við nýja afhendingu. Ætti álitsbeiðandi þannig að geta kvartað undan galla á umræddum síma í það minnsta 2 ár frá október 2014.

V

Álitsorð

Kröfum álitsbeiðanda, X, er hafnað.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir